


Er hægt að hætta við skrópkröfu sem hefur verið send út?

Síðast uppfært 26/06/2026 3:38 pm BST


Já. Hægt er að hætta við, eða fella niður, kröfu sem hefur verið stofnuð í gegnum skrópvörn Noona HQ. Það er gert í gegnum innheimtuviðmót Inkasso, sem þú færð þinn eigin aðgang að þegar þú skráir þig í skrópvörnina.

Þú getur skráð þig inn á þitt innheimtusvæði á [vef Inkasso](#).



Þegar þú hefur skráð þig inn mun þitt svæði í innheimtuviðmóti Inkasso opnast.

Til þess að finna kröfuna sem þú vilt fella niður velurðu fyrst **Kröfufirlit**, sem opnar yfirlit yfir allar kröfur sem þú hefur stofnað. Því næst finnurðu réttu kröfuna og smellir á hana.



Það er einnig mögulegt, og líklega enn þægilegra, að velja kröfuna beint úr skrópvarnarsvæði Noona HQ. Þá opnarðu svæðið **Skrópvörn**, sem staðsett er undir **Skipulag**. Því næst smellirðu á númer kröfunnar sem þú vilt fella niður, gluggi opnast þar sem þú skráir þig inn á Inkasso innheimtusvæðið þitt og eftir að þú hefur skráð þig þangað inn þá opnast gluggi með upplýsingum um kröfuna sem þú valdir.

Til þess svo að fella kröfuna niður sem þú valdir smellirðu á **Fella niður** hnappinn, sem staðsettur er undir **Aðgerðir** í Inkasso viðmóti.

Notandanafn: [timatal.kjartan](#)

KRAFA - [REDACTED]	GREIÐANDI	ADGERDIR
No.	Kennitala	Breyta
Tilvisun:	Nafn	Fresta kröfu
Texti	Heimilisfang	Breyta vanskilaskrá skráningu
Texti2	Póstfang	Fella niður
Síðasta aðgerð	Sími	Síða kröfu
Stofnað		Bæta við greiðslusamkomulagi
Gjaldddagi:		Bæta við athugasemd
Eindagi:		Stefna
Staða		Afviðgjá dráttarvexti
Innheimtustaða		Bæta við greiðslu
Innheimtu stillingar		Senda viðhengi í tölvupósti
ATHUGASEMD Á KRÖFU [REDACTED]		
[BÆTA VIÐ ATHUGASEMD]		
STÁÐA KRÖFU		
Höfuðstóll		6.250 ISK
Dráttarvextir		0 ISK
Kostnaður til kröfuhafa		1 ISK
Innborgun		0 ISK
Staða kröfuhafa		6.251 ISK
Innheimtukostnaður		160 ISK
Greiddur innheimtukostnaður		0 ISK
Staða greiðanda		6.411 ISK
GJÖLD		
ALLAR ATHUGASEMDIR		

Endilega hafðu samband við okkur í gegnum spjallbúðbluna spurningar vakna og/ef þú ert með einhverjar ábendingar ?